



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Dómsmálaráðuneytið
b. t. Guðrúnar Hafsteinsdóttur, dómsmálaráðherra

Reykjavík, 1. nóvember 2023

Efni: verklagsreglur um aðfarargerðir

Umboðsmanni barna hafa borist erindi varðandi aðfarargerðir sem framkvæmdar eru til þess að koma á umgengni, lögheimili og/eða forsjá. Það er ekki algengt að það reyni á beitingu afdrifaríkra úrræða af þessu tagi, en þau mál þar sem það kemur til greina, eru iðulega bæði flókin og erfið.

Nær undantekningarlaust liggur að baki langvarandi ágreiningur foreldra, sem er til þess fallinn að hafa mikil áhrif á barnið sem í hlut á hverju sinni. Þau börn sem um ræðir eru í verulega viðkvæmri stöðu og því áriðandi að aðfarargerðin byggji á skýru verklagi og að vandað sé til framkvæmdarinnar. Sýna þarf börnum sérstaka nærgætni og taka þarf tillit til skoðana þeirra, hagsmuna, þarfa og réttinda. Með hliðsjón af framangreindu, óskar umboðsmaður barna eftir fundi með dómsmálaráðherra, til þess að ræða hvort endurskoða þurfi verklagsreglur um aðfarargerðir er varða börn og hvort þörf sé á því að taka viðeigandi lagaákvæði sem um þetta gilda til endurskoðunar.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal, Umboðsmaður barna